



## GJALDSKRÁ SKAGASTRANDARHAFNAR

GILDIR FRÁ 1. febrúar 2013  
Sett með heimild í hafnalögum nr. 61/2003  
og reglugerðar um hafnamál 326/2004

### Um hafnargjöld

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Lestagjöld: 13,24 kr. á mælieiningu + VSK

Af öllum skipum skal greiða lestagjald en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### Bryggjugjöld: 6,28 kr. á mælieiningu +VSK

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða bryggjugjald fyrir hverja *24 tíma* sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 82,39 kr. á mælieininum Lágmarksgjald í 1-14 daga skal vera 3.009 kr.

Bátar 6 - 20 BT greiði kr. 5.787 kr. á mánuði. Bátar 21-50 BT greiða 9.278 kr. á mánuði. Lágmarksgjald á smábáta 1-14 dagar skal vera 3.009 kr. Minnstu bátar, sk. jullur greiða 1.313 kr. á mánuði.

### Vörugjöld

1. flokkur	kr. 266,00 pr. tonn + VSK
2. flokkur	kr. 429,00 pr. tonn + VSK
3 flokkur	kr. 536,00 pr. tonn + VSK
4.flokkur	Aflagjald 1,60% + VSK

### 1. flokkur: gjald kr. 266,00 pr. tonn +VSK:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement,



áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

**2. flokkur: Gjald kr. 429,00 pr. tonn +VSK:**

Lýsi og fiskimjöl.

**3. flokkur: Gjald kr. 536,00 pr. tonn +VSK:**

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolfur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.

Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.

Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

**4. flokkur: Aflagjald 1,60% +VSK**

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Um aflagjald af grásleppuhrognum gildir sama regla og með landaðan bolfisk og skal útgerðaramaður eða verkandi skila til hafnaryfirvalda skýrslum um heildar verðmæti hrognanna. Verði þeim ekki skilað munu hafnaryfirvöld sækja þær upplýsingar inn á vefsíðu Fiskistofu sem vigtarmenn hafa aðgang að.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 150,00.



### Rafmagn

---

Rafmagnssala pr. kwst til skipa	kr. 15,40 + VSK
Rafmagnssala pr. kwst til annarra	kr. 15,40 + VSK
Rafmagnstengigjald dv.	kr. 3.169 + VSK
Rafmagnstengigjald yv.	kr. 5.704 + VSK
Gámarafmagn (fast gjald /dag)	kr. 1.871 + VSK

Smábátar sem óska eftir landtengingu fá afhentan aflmæli sem hafnarvörður les af mánaðarlega. Mælaleiga er 1.445 kr./mánuði og reiknast ekki fyrir skemmri tíma en ½ mánuð.

### Hafnsaga

---

Hafnsögugjald	kr. 6,60 á mælieiningu + VSK
Fast gjald	kr. 19.443 kr. fyrir hvert skip + VSK

Gjald vegna hafnsögu verður aldrei lægra en 14.300 pr. skip  
Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir flutning hafnsögumanns greiðast kr. 18.589 pr. skip

### Vatnsgjald

---

Kalt vatn	251 kr./m <sup>3</sup> + VSK
Lágmarksgjald	2.513 kr. + VSK
Vatn pr löndun	100 kr. + VSK

### Móttaka skipa

---

Festagjöld / mann í dagvinnu	kr. 8.413 + VSK
Festagjöld / mann í yfirvinnu	kr. 15.102 + VSK

**Gjald vegna hafnarverndar**

---

Öryggisgjald (fast gjald)	kr. 28.009 + VSK
Vinna starfsmanna:	
Dagvinna	3.000 kr. /klst +VSK
Næturvinna	5.000 kr. /klst +VSK

**Vogargjöld**

---

Almenn vigtun pr. tonn	kr. 142 +VSK
Lágmarksgjald	kr. 901 +VSK
Úrtaksvigtunargjald (m.v. lönduð tonn)	kr. 137 +VSK
Vigtun ökutækja	kr. 1.805+VSK
Skráningargjald /tonn	kr. 25 +VSK
Kranagjald /tonn	kr. 295 +VSK

**Yfirvinna hafnarvarðar** innheimtist aukalega. Fyrir vigtun milli kl 17 og 19 er ekki innheimt aukalega en eftir kl 19 og um helgar greiðir hver útgerðaraðili sem kemur til löndunar yfirvinnu starfsmanns. Skiptist kostnaður vegna yfirvinnu á milli þeirra sem þjónustunnar njóta í hlutföllum við áætlaðan tíma við hvert verk. Aldrei er þó innheimt minna en sem nemur ¼ úr klst. Yfirvinnutími vegna vigtunar er kr. 3.937 /klst.

**Kranagjald.** Þeir sem nota löndunarkrana hafnarinnar greiða sérstakt kranagjald. Miðast gjaldið við brúttótonn til löndunar. Kranagjald er 295 kr/tonn

**Skráningargjald.** Fyrirtæki sem hafa heimavigtunarleyfi og skila upplýsingum um landaðan afla til hafnarinnar, sem síðan þarf að skrá í Gaflinn, greiða skráningargjald. Miðað er við almanaksárið.

**Úrtaksvigtun.** Eigendur frystiskipa sem landa á Skagastrandarhöfn skulu greiða úrtaksvigtunargjald sem er kr. 131.00 pr. landað tonn sem ekki er vigtað á hafnarvog.

**Gámavellir**

Greiðslur fyrir stöðugáma á hafnarsvæði

Á bundnu slitlagi, 40 feta gámur	1.477 kr./mán. +VSK
Á bundnu slitlagi, 20 feta gámur	1040 kr./mán. +VSK
Á Skúffugarði 40 feta gámur	1.047 kr. /mán. +VSK
Á Skúffugarði 20 feta gámur	785 kr. /mán. +VSK

Innheimt er fyrir gáma sem standa samfellt í mánuð á frágengnu svæði á hafnarinnar.



**Geymslugjald**

Geymsla veiðarfæra er án gjalds í 5 daga

Geymsla veiðarfæra eftir að frestur er liðinn 1.575 kr./dag. +VSK

Uppsátursgjalda fyrir báta á hafnarsvæðinu 1.575 kr./mán.+VSK

**Sorphirðugjald**

Bátar 2-30 brl. kr.1.092 pr. mánuði + VSK

Bátar 30-100 brl. kr. 2.235pr. mánuð. + VSK

Bátar / skip stærri en 100 brl. kr. 6.278 pr. mánuði + VSK

Urðunargjald fyrir veiðarfæri 31 kr. pr. kg.+VSK

**Dráttarbraut**


Uppistöðugjald pr. virkan dag kr.6.324 + VSK

Brautargjald < 15. Brt. kr. 18.963 + VSK

Brautargjald 16 – 30 Brt. kr. 27.814 + VSK

Gjald pr. tonn umfram 30 Brt. kr. 632 + VSK

Þannig samþykkt á hafnarnefndarfundi 30. apríl 2012

  
Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

